



Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) hefur á undanförunum vikum haft til skoðunar og hvatt til umræðu um skiplagsferli framkvæmda. Tilefnið eru lagafrumvörp sem Alþingi hefur til meðferðar:

- 1) Frumvarp til laga flutt um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (sérstök kæruehimild vegna athafna og athafnaleysis). 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 344—248. mál. Stjórnarfrumvarp.
- 2) Stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.). 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 673 — 467. mál.

Í stað þess sem helst líkist bútasami á eldri lögum hvetur VFÍ til heildarendurskoðunar.

VFÍ hefur skilað inn umsögnum til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og mætt á fundi nefndarinnar þar sem sjónarmiðum félagsins hefur verið komið á framfæri. Félagið efndi til morgunfundar um málið undir yfirskriftinni: Minna skrif-ræði – Meiri ábyrgð. Skipulagsferli – skilvirkni í þágu velferðar.

Ítarlegar upplýsingar eru á vef félagsins: www.vfi.is

Umsögn til þingefndar

Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), Þingskjal 673—467. Mál, lagt fram á 148. löggjafarþingi 2017–2018.

Heildarendurskoðun í stað bútasams

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) leyfir sér að ítreka umsögn sem send var inn 8. mars sl. vegna breytinga á sömu lögum, með sérstakri áherslu á hve óheppilegt það er fyrir hið háa Alþingi að ekki skuli vera ráðist í heildaruppstokkun á ferli sem er í raun stíflað af kærnum og óskilvirkni. Nýtilkomnum breytingum á Evrópureglum var ætlað að einfalda og samræma matsferli skipulags og framkvæmda og tryggja almenningi aðild að skilvirku samráði. Það markmið mun ekki nást nema með heildarendurskoðun laganna þar sem skipulagsáskvarðanir og mat á umhverfisáhrifum eru gerð að einu samfelldu ferli. Vinnubrögð sem Alþingi er nú boðið upp á, og kenna má við bútasam, eru ekki til þess fallin að bæta ástandið. Meðal þeirra breytinga sem þingskjal 673 boðar er stytting á gildistíma stjórnvaldsáskvarðana eins

og til dæmis úrskurði Skipulagsstofnunar, frá 10 árum eins og nú er. Hér leyfir VFÍ sér að lýsa yfir stuðningi við þau viðhorf sem fram koma í umsögn SA og Sambands sveitarfélaga og sett voru fram við undirbúning þessa þingskjals.

VFÍ vill einnig leyfa sér að nota það tækifæri sem nú gefst til að gera tillögur um breytingar á lögum 106/2000, þannig að sett verði skilyrði um möguleika aðila til að kæra stjórnvaldsáskvarðanir samanber umrædd lög.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

1. Lögin breytist þannig að heimilt verði að taka upp hóflegt kærugjald þegar stjórnvaldsáskvarðanir eru kærðar.
2. Sú breyting verði gerð að málskostnaðargjald verði tekið upp vegna vegna tilefnislausra kæra.
3. Kærendur verði að leggja fram hóflegt tryggingargjald vegna stöðvunarkröfu.
4. Aðild umhverfisverndar- og útivistarsamtaka að kærnumálum verði bundin því skilyrði að þau hafi látið sig viðkomandi mál varða á fyrstu stigum.

5. Auknar heimildir til flýtimeðferðar mála sem kærð eru og brýnir hagsmunir kæranda jafnt sem kærða eru taldir liggja undir.

Með innleiðingu ofangreindra breytinga telur VFÍ að tvö veigamikil markmið náist:

Að betur verði vandað til kæra og umkvörtunarerinda en verið hefur hér á landi á undanförunum árum.

Að þessar breytingar virki sem hvatning fyrir áhugasama, meðal annars umhverfissamtök, að koma á ábyrgan hátt að undirbúningi stærri eða umdeildari framkvæmda eins og til dæmis lagningu umferðarmannvirkja. Slík aðkoma er mikilvæg í lýðræðissamfélagi og verður að skoðast sem alger forsenda þess að aðilar geti lagt fram kærur á seinni stigum slíkra mála.

Verkfræðingafélagið hélt nýlega mjög vel heppnaðan fund, þar sem fjallað var um þingskjal 673. Rætt var um áhrif þess, verði það samþykkt sem lög frá Alþingi, á framgangsmáta við undirbúningsferli framkvæmda sem falla undir undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Niðurstaða var að framkvæmdin væri óskilvirk eins og hún er í dag. Með innleiðingu þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru í frumvarpinu myndi sú óskilvirkni eingöngu fara vaxandi.

Auk þess hvetur VFÍ Umhverfis- og samgöngu- nefnd til þess að vísa málinu aftur til flutningsaðila með þeim rökum að ekki sé hægt að vera með fleiri en eitt breytingarfrumvarp í gangi í einu á einum og sömu lögunum.

Reykjavík 4. maí 2018.

Fyrir hönd stjórnar Verkfræðingafélags Íslands.

Páll Gíslason, formaður VFÍ.

Öflugur morgunfundur VFÍ

VFÍ hélt morgunfund á Grand Hóтели mánudaginn 30. apríl sl. undir yfirskriftinni: Minna skriffræði – meiri ábyrgð. Skipulagsferli – skilvirkni í þágu velferðar.

Fyrirlesarar á fundinum ræddu skipulagsferli framkvæmda eins og það er í dag og þörfina á meiri skilvirkni í þágu almennrar velferðar. Þingmönnum í Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis var boðið að ávarpa fundinn en sá eini sem þekktist boðið var Jón Gunnarsson, varaformaður nefndarinnar.



Frummælendur í pallborði. Ásbjörn, Egill, Hólmfríður og Arnar.

Egill Viðarsson, sviðstjóri hjá VERKÍS:
Allt of mikil óvissa

Það vantar miklu skýrari viðmið um það hversu langt á að ganga í mati á umhverfisáhrifum. Erlendir fjárfestar skilja ekki að ráðgjafar geti ekki sagt með vissu hve langt þurfi að ganga í umhverfismati og geti ekki sagt neitt af viti um tímaferla. Það er óásættanlegt fyrir þá að það skuli vera geðþóttaákvörðun hverju sinni hvaða framgang og afgangur skipulags framkvæmda fær. Víða erlendis eru ákveðin svæði skipulögð og gert fyrirfram mat á umhverfisáhrifum fyrir ákveðnar gerðir framkvæmda innan þeirra, til dæmis gagnaver, vindorkuver eða tiltekna tegund iðnaðar. Þetta virðist ómögulegt að gera hér á landi.

Hólmfríður Bjarnadóttir, skipulagsstjóri Veitna:
Sérstakur ferill í stað samræmingar

Við upptöku Evrópureglna hér á landi var tekin sú ákvörðun að innleiða sérstakan feril stjórnsýslu og ákvörðunartöku í mati á umhverfisáhrifum. Um leið var Evróputilskipunin bæði 1993 varðandi löggjöf um mat á umhverfisáhrifum og lög um umhverfismat áætlaða árið 2000 nánast tekin upp í heild án þess að tekið væri tillit til þess sem gefist hefði vel hér á landi eða til íslenskra aðstæðna. Talsvert skorti á sjálfstraust við innleiðinguna og


Páll Gíslason, formaður VFÍ:
Kerfið stíflað af kærurum

„Skipulagsstofnun og Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála eru yfirhlaðnar verkefnum og mikill misbrestur á að lögbundnir tímafrestir ákvarðana, úrskurða og álita séu virtir. Fjöldi kæruramála er meiri en gert var ráð fyrir í upphafi, fjölgun krafna um stöðvun framkvæmda og frestun réttaráhrifa hefur meira en tvöfaldast og viðamiklum málum hefur fjölgað. Þetta hefur gert það að verkum að kerfið er stíflað af kærurum.“

Arnar Þór Stefánsson hrl.:
Skilyrði fyrir kærurétti

Til álita gæti komið að þrengja aðild umhverfisverndar – og útivistarsamtaka að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála með skilyrði um að til kæruréttar stofnist að því gefnu að slík samtök hafi látið sig mál varða á fyrri stigum þess. Þetta er í samræmi við almennar reglur stjórnsýsluréttar. Það er íþyngjandi fyrir framkvæmdaaðila að þurfa að sæta kærur á lokastigi framkvæmdar sem hefur verið í löngu undirbúnings- og kynningarferli. Í gildistíð eldri laga nr. 73/1997 var hægt að vísa kærur frá ef kærandi hafði ekki látið sig málið varða á fyrri stigum. Ekki er sambærilegt ákvæði í gildandi lögum.

Málshraði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 2017





ferli í skipulagsmálum og mati á umhverfisáhrifum var ekki samræmt til þess að auka skilvirkni og forðast tvíverknað.

Ásbjörn Blöndal, framkvæmdastjóri hjá HS orku: Einn samræmdur ferill

Það er bráðnauðsynlegt að í stað þess hindrunarhlups sem framkvæmdaðilar eru nú neyddir í komi einn samræmdur ferill skipulags og mats á umhverfisáhrifum. Samræmt áhrifamat verði þá lagt til grundvallar í allri ákvarðanatöku um skipulag og framkvæmd. Umsagnir hagsmunaaðila beindust að skipulagi og áhrifamati saman. Ágreiningsefni þarf að afgreiða í upphafi ferilsins með raunverulegu samráði og endanleg útfærsla framkvæmdar að taka mið af umsögnum og ábendingum. Þá er brýnt að allir þættir ferlisins séu háðir tímamörkum sem staðið er við.

Jón Gunnarsson, varaformaður umhverfis- og samgöngunefndar:

Færum verkefni út á akurinn

„Við eigum að skoða möguleika á því að færa verkefni í umhverfismats- og skipulagsferlinu út á akurinn, til dæmis til landshlutasamtaka sveitarfélaga og hins mikla fjölda ráðgjafa og skipulagssérfræðinga sem eru tiltækir hér á landi. Þannig mætti einfalda mál og létta á kerfinu.“

Málhali lengist og stöðvunarkröfur aukast

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála var sett á laggirnar árið 2012 og hefur frá upphafi glímt við málshraðavandamál. Aukin fjárveiting 2018 og aukning um tæplega tvö stöðugildi er ekki líkleg til þess að breyta þar miklu um að því er kom fram á morgunfundi VFÍ 30. apríl sl. Ástæður langs málsmeðferðartíma hjá Úrskurðarnefnd eru þrjúþættar. Í fyrsta lagi er fjöldi kærumála meiri en gert var ráð fyrir við stofnun nefndarinnar. Í öðru lagi hefur fjölgun krafna um stöðvun framkvæmda og frestun réttaráhrifa aukist verulega. Þannig var 15% af innkomnum málum á árunum 2012 – 2013 af þeim toga en síðustu ár hefur hlutfallið verið 30 – 40%. Í þriðja lagi hefur viðamiklum málum fjölgað.

Á árinu 2017 bárust Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála 158 kærur en lokið var 144 málum að því er upplýst er á heimasíðu nefndarinnar. Bættust því 14 mál við málhala nefndarinnar sem taldi 135 mál 1. janúar 2017. Málhali er því 149 mál í upphafi árs 2018 og skiptast þau með eftirfarandi hætti: eitt mál frá 2015 bíður

afgreiðslu. Þá bíða afgreiðslu 51 mál sem bárust 2016. Loks er ólokið 97 af þeim þeim 158 málum sem bárust á árinu 2017.

„Málshraði fyrir nefndinni styttist lítillega á árinu. Hann er þó enn of mikill miðað við það sem lögbundið er. Meðalafgreiðslutími mála á árinu 2017 var 276 dagar frá því að gögn bárust frá viðkomandi stjórnvaldi, eða um níu mánuðir. Er það 11 dögum skemmri meðalmálsmeðferðartími en var á árinu 2016. Þá tókst að ljúka helmingi mála innan þeirra sex mánaða sem lögboðnir eru í þeim málum sem umfangsmikil eru, en slík mál verða æ fyrriferðarmeiri hjá úrskurðarnefndinni.“
Frétt á uua.is, dagsætning 12.01.2018

Hver ber kostnaðinn?

Á morgunfundi VFÍ 30. apríl. sl. kom fram að kostnaður við stöðvun framkvæmda við Brúarárvirkjun í Tungufljóti nemur um 212 milljónum króna á hálfu ári. Þá er ótalin kostnaður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála af málarekstri sem fellur á ríkissjóð. Hér er um að ræða rennslisvirkjun upp á 9.9 MW aflgetu sem áætlað er að kosti um 4 milljarða króna.

Afhverju að láta sig málið varða?

Páll Gíslason, formaður Verkræðingafélags Íslands, sagði m.a. í upphafsávarpi sínu á morgunfundi VFÍ 30. apríl sl. að viðhorfsbreyting í umhverfismálum ætti sér ekkert síður stað meðal verkfræðinga og tæknifræðinga heldur en annarra Íslendinga. Félagsmenn í VFÍ væru leiðandi í skipulagsferli nánast allra tilkynningarskyldra framkvæmda og að þeirra mati væri mikilvægt að umgjörðin sé skýr og umfjöllunarkerfi mála skilvirkt. „Menn þurfa að vita að hverju þeir ganga. Það er óásættanlegt fyrir stéttina að lenda í klemmu og vera blórabögglar á milli kæranda annars vegar og skipulagsyfirvalda hins vegar. Miklar tafir á afgreiðslu mála og kærurúrskurða eru vandamál auk þess sem aðilar virðast komast upp með að sniðganga umhverfismatsferli í upphafi máls til þess að hafa hreinan skjöld með hugsanlegar kærur á síðari stigum. Þetta veldur mikill óvissu og kostnaði fyrir framkvæmdaaðila og erfiðleikum fyrir ráðgjafa og hönnuði að beina málum í réttan farveg þar sem kerfið er ófyrirsjáanlegt og óskilvirkt.“

